

Foreldrahandbók

Leikskólinn Sólvellir



Virðing - Gleði - Samvinna - Náttúra

Efnisyfirlit

Velkomin/n á Sólvelli!	3
Leikskólinn Sólvellir Grundarfirði	4
Daglegt starf í leikskólanum	4
Hlutverk leikskóla	5
Stefna Sólvalla	6
Að koma og fara	7
Matmálstímar	8
Aðlögun barna í leikskólann	8
Vistunartími barna	9
Leikskólagjöld	10
Samskipti	11
Fatnaður	12
Frí og lokanir	14
Sérfræðipjónusta	14
Afmæli	14
Veikindi barna og lyf	15
Öryggismál	16

Velkomin/n á Sólvelli!

Við í leikskólanum Sólvöllum viljum bjóða ykkur velkomin til okkar. Hér fáði þið hagnýtar upplýsingar sem vonandi eiga effir að nýtast ykkur á meðan dvöl barnsins ykkar er hjá okkur.

Símanúmer leikskólans er 438-6645 og netfang skólans er solvellir@gfb.is Inná heimasíðu leikskólans solvellir.grundarfjordur.is má finna fleiri upplýsingar varðandi leikskólann, s.s. skólanámskrá, gjaldskrá, námsvísa, matseðil, tímalínu og fleira.

Símanúmer á deildum:

Skrifstofa: 438 – 6645

Ugludeild: 831- 7879

Drekadeild: 869 – 5892

Músadeild: 896 – 6892

Eldhús: 430 – 8521

Leikskólinn Sólvellir Grundarfirði

Leikskólinn Sólvellir er þriggja deilda leikskóli og eru deildirnar aldursblandaðar til að nýta rými húsnæðisins sem best. Deildirnar heita Músadeild, Ugludeild og Drekadeild.

Bæjarstjórn Grundarfjarðar er yfir leikskólamálum bæjarins og skólanefnd hefur umsjón með málaflokknum. Á fundum skólanefndar sitja leikskólastjóri, fulltrúi starfsmanna og fulltrúi Foreldraráðs Sólvalla.

Opnunartími leikskólans er frá kl. 8:00-16:00 og hvetjum við til þess að börnin komi og eru sótt á réttum vistunartíma þeirra. Hægt er að sækja um vistun frá kl. 7:45-08:00 og 16:00-16:15 og er greitt gjald fyrir þá vistun samkvæmt gjaldskrá leikskólans.

Daglegt starf í leikskólanum

Á öllum deildum hefst dagurinn í rólegu starfi, eftir það hefst síðan frjáls leikur og faglegt starf fléttast inn í starfið. Útivera er bæði fyrir og eftir hádegi, við leggjum mikla áherslu á útiveru, bæði innan leikskóla lóðarinar og utan, því mikilvægt að börnin séu með útifatnað við hæfi. Eftir hádegismat er hvíld á öllum deildum. Það er réttur barna að fá þá hvíld sem þau þarfnast. Yngri börnin sofa meðan eldri hlusta á sögu eða fást við önnur róandi verkefni. Hvíld er á öllum deildum þar til kl. 13:00.

Hver deild hefur útbúið sitt dagskipulag sem kynnt er foreldrum í upphafi skólaárs að hausti. Það er einnig aðgengilegt á heimasíðu okkar. Eln af áherslum leikskólans er hæglátt hugarfar, við viljum hafa ákveðin ramma fyrir daginn ef við

fylgjum líka fylgja hraða, takt og áhuga barnanna og því tekur dagurinn oft aðra stefnu en áætlað var en í því felst fegurð leikskólastarfsins. Barnið og þarfir þess eru ávallt hafðar í brennidepli í öllu okkar starfi.

Hlutverk leikskóla

Fagleg starfsemi leikskólans Sólvalla er samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, reglugerðir, Aðalnámskrá leikskóla sem gefin er út af Menntamálaráðuneytinu árið 2011 og skólustefnu Grundarfjarðarbæjar sem gefin var út 2023. Aðalnámskráin er fagleg stefnumörkun og lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf. Hún inniheldur hugmyndafræði leikskóla, markmið og leiðir. Aðalnámskrá er ákveðinn rammi um leikskólastarfið og undirstaða frekari skólanámskrárgerðar ásamt sex þemaheftum um grunnþætti menntunar. Í námskrá leikskólans er lögð áhersla á að efla alhliða þroska barnsins, heilbrigða lífshætti og lífsviðhorf, lífsleikni og sjálfstraust þess. Í leikskóla skal barnið ávallt vera í brennidepli, gert er ráð fyrir að barnið sé hæfileikaríkur og getumikill einstaklingur sem kann, getur og vill.

Stefna Sólvalla

Á leikskólanum Sólvöllum vinnum við eftir hugmyndafræði Uppeldi til ábyrgðar.

Uppeldi til ábyrgðar hefur það markmið að ýta undir sjálfstjórn og ábyrgðarkennd barna og unglinga. Hún þjálfar börn og unglinga í að átta sig á þörfum sínum og fá þau til að tjá tilfinningar sínar, en jafnframt að setja sig í spor annarra. Hún kennir þeim sjálfstjórn og sjálfsgaga og gerir þeim kleift að læra af mistökum sínum.

Leikskólinn Sólvellir er heilsueflandi leikskóli sem er verkefni á vegum landlæknisembættis. Heilsueflandi leikskóli leggur sérstaka áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu. Þeir eru: hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk. Gert er ráð fyrir að Heilsueflandi leikskólar setji sér heildræna stefnu um heilsueflandi skólastarf og má finna heilsustefnuna okkar inni á heimasíðu leikskólans.

Í leikskólanum er unnið eftir öllum grunnþáttum menntunar en þó með mikla áherslu á læsi í víðum skilningi. Með læsi er átt við hæfni til að takast á við lífið sjálft og er tungumálið eitt mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Læsi er samofið við allt daglegt starf og stundir dagsins. Í tengslum við læsi vinnum við með Lubbi finnur málbein og er unnið með það í hópastarfi en fléttast það við daglegt starf og hversdagsleg samtöl.

Málörvun er einnig mikilvægur þáttur í starfi leikskólans og fléttast það inn í allt starf og daglegar athafnir. Starfsfólk setur orð á athafnir öllum stundum dagsins og leggur áherslu á að nota fjölbreyttan og ríkulegan orðaforða.

Sólvellir vinna að innleiðingu á hæglátu skólstarfi en með því gefst tækifæri til að kanna heiminn á sínum hraða og stuðla þannig að forvitni og merkingarbaeru námi. Auk þess vinnum við að að því að verða grænfánaleikskóli og því er umhverfismennt gert hátt undir höfði.

Við höfum einnig hafið innleiðingu á Blær - Vináttuverkefni Barnaheilla. Í því er unnið að því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Þátttaka allra sem koma að leikskólstarfinu; barna, foreldra og starfsfólks, er grundvöllur þess að vel til takist.

Nánari upplýsingar má finna í skólanámskrá leikskólans sem er að finna inn á heimasíðu okkar.

Að koma og fara

Við leggjum áherslu á að taka vel á móti börnunum og að þau upplifi sig velkomin í leikskólann. Ávalt skal tilkynna kennurum þegar börnin mæta og þegar þau eru sótt. Ef barn er ekki sótt innan vistunartíma er hringt í foreldra eða aðstandendur, greitt er aukagjald skv. gjaldskrá Grundarfjarðarbæjar.

Þegar barn byrjar í leikskóla þá skrá foreldrar niður hverjir mega sækja barnið. Ef aðrir en þeir sækja er nauðsynlegt að tilkynna leikskólanum um það. Starfsmenn leikskólans mega ekki skila af sér börnum nema hafa upplýst samþykki frá foreldrum. Almenn er miðað við að börn yngri en 12 ára mega ekki sækja börn í leikskólann, ef foreldrar kjósa að láta einstakling undir 12 ára sækja barnið sitt þarf alltaf að senda skilaboð um það og er það þá á ábyrgð foreldra.

Gott er að nemendur leikskólans mæti tímanlega í skólann svo þau missi ekki af þeirri starfsemi sem fram fer fyrst á morgnanna. Starf á deildum hefst kl. 09:00. Ef nemandi getur ekki mætt á réttum tíma, þá eru foreldrar beðnir um að tilkynna það á deild barnsins, gegnum Völu eða símleiðis.

Matmálstímar

Í leikskólanum er boðið uppá þrjár máltíðir auk ávaxtastunda. Í morgunmat er boðið upp á hafragraut og morgunkorn ásamt lýsi. Morgunmatur hefst kl. 8:15 og þurfa börn að vera mætt fyrir kl. 8:30 til þess að fá morgunmat.

Í hádeginu er boðið upp á heitan mat, unnið er samkvæmt ráðleggingum landlæknis um mataræði í leikskóla eldhúsum. Matseðill er aðgengilegur á heimasíðu leikskólans og inná Völu. Til þess að börn séu skráð í hádegismat og kaffitíma **þurfa þau að vera mætt fyrir kl. 10:30** eða þá að látið sé vita ef um seinkomur er að ræða.

Síðdegishressing er kl. 14:30 og er þá boðið upp á brauð, álegg, ávexti og fleira.

Við hvetjum börnin til sjálfshjálpar, bæði við að matast og einnig við frágang eins og við á eftir aldri barnanna.

Aðlögun barna í leikskólann

Í leikskólanum Sólvöllum er notast við þátttökuaðlögun. Þá eru foreldrar þátttakendur í starfi deildarinnar frá fyrsta degi og fá þannig reynslu af skipulagi starfseminnar. Aðlögunin byggist á þeirri trú að öruggir foreldrar smiti eigin forvitni og öryggiskennnd yfir til barna sinna. Öruggir foreldrar = örugg börn. Með því að

foreldrar séu virkir þátttakendur í starfi leikskólans öðlist þeir öryggi um dagsskipulagið og því sem á sér stað í leikskólanum. Foreldrar sinna börnum sínum meðan aðlögun fer fram. Starfsfólk tekur einnig þátt en það skipuleggur daginn og deilir verkefnum.

Vistunartími barna

Leikskólinn er opinn frá kl. 08:00-16:00. Hægt er að sækja aukalega um dvalartíma frá kl. 7:45 og til kl. 16:15. Við það bætist auka gjald við dvalargjöldin skv. gjaldskrá Grundarfjarðarbæjar.

Mikilvægt er að foreldrar virði vistunartíma barnsins og starfsfólks. Ef barn er sótt eftir að vistunartíma skapar það vandamál í leikskólanum því starfsmannahald, vinnutími



starfsmanna og skipulag leikskólans miðast við barnafjölda og umsamdan vistunartíma þeirra. Aukalegt gjald greitt ef barn er sótt of seint eða kemur of snemma. Ef upp koma aðstæður þar sem ekki er hægt að sækja barn á réttum tíma skal hafa samband við leikskólann.

Faglegt starf í leikskólanum fer mikið fram á morgnanna og er mælt með því að börn mæti ekki seinna en kl. 9 til þess að missa sem minnst af starfinu. Við óskum eftir því að börn komi ekki seinna en kl. 10 í leikskólann nema að höfðu samráði við deildarstjóra. Það er m.a. gert þannig stjórnendur viti hvað von er á mörgum

börnum og hægt sé að manna leikskólann í samræmi við það. Ekki er leyfilegt að mæta með börn í leikskólann eftir kl. 11 nema í samráði við deildarstjóra.

Uppsagnarfrestur og breytingar á leikskólaplássi er einn mánuður og skal tilkynna leikskólastjóra breytingar á vistunartíma fyrir 15. hvers mánaðar. Hægt er að fá eyðublað þess efnis til útfyllingar hjá stjórnendum leikskólans.

Ef börn eru veik eða koma seinkar er mikilvægt að láta vita. Hægt er að skrá veikindi og fjarveru inn á Völu forritinu.



Að byrja í leikskóla eru stór tímamót í lífi hvers fjölskyldu. Vorið 2024 var samþykkt af skólanefnd og bæjarráði Grundarfjarðarbæjar að vistunartími barna á aldrinum 12-16 mánaða verði að hámarki 6 klst. Reynsla okkar hefur sýnt okkur að langur skóladagur yngstu barnanna er mörgum börnum erfiður og mikið álag fylgir aðlögun þeirra, bæði fyrir börn og starfsfólk. Það er auk þess reynsla okkar að börn sem eru með styttri vistun í upphafi dvalar aðlagast betur en á þessum fyrstu vikum á sér stað mikil tengslamyndun milli barna og starfsfólks.

Leikskólagjöld

Leikskólagjöld eru greidd fyrirfram. Á heimasíðu leikskólans og Grundarfjarðarbæjar er að finna gjaldskrá leikskólans. Ef óskað er eftir breytingum á dvalartíma barns er sótt um það á sérstöku eyðublaði sem fá má hjá deildarstjóra eða með því að senda tölvupóst til leikskólastjóra. Skila þarf inn

beiðni fyrir 15. hvers mánaðar og tekur breytingin gildi 1. dag næsta mánaðar, effir að beiðni hefur verið samþykkt.

Boðið er upp á sveigjanlegan vistunartíma en samkvæmt gjaldskrá er greitt fyrir 40 klst. vistun og ódýrara gjald er fyrir þau börn sem eru undir 38 klst. vistun.

Samskipti

Hluti af farsælli leikskólagöngu er að gagnkvæm samskipti, traust og virðing eigi sér stað milli heimilis og skóla. Foreldrar og forráðamenn geta alltaf leitað til aðila innan leikskólans um allt sem viðkemur þeirra barni, starfinu eða annað sem liggur þeim á hjarta.

Gagnkvæm upplýsingamiðlun er nauðsynleg til þess að traust skapist á milli heimila og leikskóla. Mikilvægt er að foreldrar láti vita af breyttum högum barns, veikindum í fjölskyldu og hvaðeina sem getur haft áhrif á líðan og hegðun barnsins. Ef kennari veit af breyttum aðstæðum á hann auðveldara með að mæta þörfum þess.

Ef foreldrar telja eitthvað vera ábótavant í leikskólanum er mikilvægt að ræða það við stjórnendur leikskólans. Við viljum frekar það sem talað við okkur en um okkur. Gæta þarf þess að óánægja foreldra sé ekki rædd fyrir framan börnin, þar sem það getur valdið þeim vanlíðan, óöryggi og neikvæðni í garð skólans.

Við notum forritið **Vala** til þess að skrá svefn, hvað barnið borðar, slysaskráningar og aðrar upplýsingar. Þar geta foreldrar/forráðamenn átt samskipti við leikskóla.

Vikulega senda deildarstjórar út póst þar sem fram kemur hvað er um að vera á deildinni og hvað er framundan.

Boðið er uppá foreldrasamtal tvisvar sinnum á hverju skólaári. Fyrra viðtalið er ætlað til þess að kynna starf leikskólans, þar sem farið er yfir áhugamál, líðan og stöðu barnsins. Að vori er síðan staðan tekin aftur eftir veturinn.

Fatnaður

Leikskólinn er vinnustaður barnsins og því er mikilvægt að fatnaður barnsins sé í samræmi við það. Fatnaðurinn þarf að vera þægilegur, gott að hreyfa sig í honum og þola ýmislegt sem gengur á amstri dagsins, s.s. vinnu með lím, liti, málningu eða útvinnu.

Í fataklefanum eiga börnin sinn merкта snaga. Í upphafi viku eiga foreldrar að tæma úti fatapoka barnanna þannig fötin séu aðgengileg fyrir útiveru. Í lok viku eru hólfín tæmd til þess að hægt sé að þrifa þau. Aukaföt eru geymd í körfum inn á deild. Þegar barn byrjar í leikskóla útbýr það taupoka sem er ætlaður undir óhreini/blaut föt. Þessi poki á alltaf að vera í hólfi barnsins og góð regla er að koma með það sama í pokanum daginn eftir og fór heim þannig barnið sé alltaf með aukaföt í leikskólanum.



Útbúnaður fyrir leikskólabörn:

Aukaföt

2 samfellur/nærföt

2 sokkabuxur/sokkar

2 buxur og peysa

Þetta má skilja eftir um helgar

Útiföt

1-2 pör ullarsokkar

2 húfur

Vettlingar (sem hamla ekki hreyfingar)

Hljá peysu

Pollagalli

Kuldagalli (eftir árstíma)

Kuldaskór (eftir árstíma)

Stígvél

Vinsamlegast merkið vel föt, snuð, bangsa og annað sem börn eru með í leikskólanum. Hægt er að geyma þessa hluti í leikskólanum eða taka með sér heim eftir hvern dag. Ekki er leyfilegt að koma með leikföng að heiman nema á dótadögum og eru þeir þá auglýstir sérstaklega. Gildir þá einnig að muna eftir að merkja dótið til þess að tryggja að það tynist ekki en leikskólinn ber ekki ábyrgð á því dóti sem börnin koma með í leikskólann.

Leikskólinn býður upp á bleyjur gegn gjaldi en foreldrar geta líka komið með bleyjur að heiman.

Frí og lokanir

Á hverju vori er samþykkt nýtt skóladagatal, þar sem koma fram skipulagsdagar en þá er leikskólinn lokaður og aðrir uppbrotsdagar. Auk þess er leikskólinn lokaður milli jóla- og nýárs. Haustfrí er í október og vetrarfrí í febrúar. Skóladagatalið er aðgengilegt á heimasíðu leikskólans.

Ef börn koma ekki í leikskólann biðjum við ykkur um að láta starfsfólk á deildinni vita eða með því að senda skilaboð eða skráningu í Völu forritinu.

Sérfræðipjónusta

Sálfræðingur og talmeinafræðingur kemur með reglulegu millibili í leikskólann. Leikskólastjóri sér um þessa heimsókn og veitir nánari upplýsingar um komu daga. Vakni áhyggjur hjá foreldrum af málþroska og/eða líðan barns er haft samband við deildarstjóra eða stjórnendur leikskólans og málið sett í ferli.

Foreldrar af erlendum uppruna sem ekki hafa íslensku á valdi sínu eiga rétt á túlkapjónustu í samskiptum sínum við leikskólann. Vinsamlegast talið við deildarstjóra eða þann sem boðar fundinn ef óskað er eftir túlkapjónustu.

Afmæli

Þegar barn á afmæli í leikskólanum er haldið upp á daginn, barnið fær kórónu og sunginn er afmælissöngur. Leikskólinn er með ávaxtanammi sem afmælisbarnið getur boðið uppá ásamt ávöxtum. Ekki er leyfilegt að koma með veitingar að heiman þar sem í leikskólanum eru börn sem eru með ofnæmi og

eru á sérþæði. Það getur því reynst erfitt fyrir starfsfólk leikskólans að hafa yfirsýn yfir innihaldslýsingar til að tryggja að öll börn geti borðað veitingarnar.

Veikindi barna og lyf

Barn með hækkandi líkamshita 38 °C eða hærra, verki eða slen af einhverjum orsökum ætti ekki að dveljast í leikskóla. Það er fyrst og fremst til að draga úr vanlíðan barnsins en í leikskólanum er mun meira álag og áreiti heldur en heima og það nýtur ekki sömu umönnunar og hjá foreldrum. Barn smitar mest þegar það er að veikjast og veikt barn skal dvelja heima þar til það hefur verið hitalaust í 1-2 daga.

Barnið þarf að vera orðið nægilega frískt til þess að geta tekið þátt í öllu starfi í leikskólanum þegar komið er til baka eftir veikindi, þ.m.t. útiveru og útikennslu. Hægt er að óska eftir því að barn verði inni einn dag eftir veikindi ef þess þarf en fer það eftir stöðu starfsfólks í húsi hvort hægt sé að verða við því.



Lyf eru ekki gefin í leikskólanum nema það komi vottorð frá lækni um að lyfjagjöf sé nauðsynleg. Ávallt skal reyna stilla lyfjagjöf þannig að ekki þurfi að gefa lyf á skólatíma. Ef þess þarf skal hafa samband við deildarstjóra og fylla út eyðublað þess efnis.

Í QR kóðanum hér til hliðar má finna lista yfir helstu smitsjúkdóma barna sem við styðjumst en þar má finna viðmið um það hvenær barnið má mæta aftur í leikskóla eftir veikindi.

Ef barn er búið að vera veikt í fjórar vikur samfleytt er hægt að sækja um niðurfellingu á leikskólagjaldi á umsóknareyðublaði sem nálgast má hjá leikskólastjóra.

Öryggismál

Foreldrar eru beðnir um að skilja ekki ökutæki í gangi effir fyrir utan leikskólans, útblástur í sömu hæð og börnin getur verið skaðlegt fyrir heilsu þeirra. Auk biðjum við ykkur um að láta börnin ekki vera eftirlitslaus á bílaplani skólans, þar sem börnin eru ekki há í loftinu og erfitt getur reynst að sjá þau í baksýnispeglinum.

Við viljum biðja foreldra að fara effir þeim reglum sem gilda og sýna væntumþykju í verki og spennu börnin sín í viðeigandi öryggisbúnað.

Að lokum

Í þessari handbók er að finna grunn upplýsingar um leikskólann, við erum stöðugt að endurskoða hana og tökum fagnandi á móti ábendingum um upplýsingar sem væri gagnlegt að bæta við í handbókina. Við minnum á að þið eruð ávallt velkomin í leikskólann til að fylgjast með starfinu, taka þátt eða eiga samtali um barnið og/eða leikskólann. Góð víska er aldrei of oft kveðin; farsæl skólaganga byggist á góðu samstarfi og samtali milli heimilis og skóla.